

15. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis, haldinn í Giljaskóla, 06.03.2016.

Mættir:

Finnur Víkingsson formaður, Hafþór Jörundsson, Elín Eyjólfsdóttir, Eva Hlín Dereksdóttir.

Forföll boðaði Finnur Aðalbjörnsson.

Þetta var rætt:

1. Akureyrarbær hefur ákveðið eins og tvö síðast liðin ár að veita 2 milljónum til hverfisnefnda til framkvæmda í hverfum bæjarins en fyrir árið 2016 verður þetta lækkað í 1.5 milljón. Þetta kom í pósti frá Jóni Birgi þann 3.3.2016. Formaður óskaði strax eftir skýringum á þessu og einnig að fá upplýsingar um stöðu Hverfisnefndar Giljahverfis þar sem ekkert var gert af þeim óskum sem nefndin sendi inn fyrir árið 2015. Svör voru ekki kominn fyrir þennan fund. Einnig var óskað eftir hugmyndum frá nefndinni fyrir árið 2016.
2. Nemendur í Giljaskóla hafa óskað eftir styrk frá nefndinni til að smíða aukahluti við Parkið. Þetta var samþykkt og verður reikningur fyrir efninu, um það bil 11.000 sendur til Dagnýjar hjá Akureyrarbæ en formaður var búinn að hafa samband við hana út af þessu og fá þetta samþykkt.
3. Nemendur í Giljaskóla gerðu notkunarreglur fyrir parkið og leituðu til nefndarinnar með styrk til að búa til skilti með reglunum til að setja upp við parkið. Þetta var einnig samþykkt og fengið leyfi hjá Dagnýju til að senda reikninginn eins og fyrir efninu í pallinn.
4. Því næst var ákveðið að efna til hverfisfundar með íbúum til þess að leggja fyrir tillögur nefndarinnar fyrir árið 2016. Nefndin ákvað samt að hafa skýrari svör frá Jóni Birgi og félögum áður en fundurinn verður haldinn. Ákvörðun um aðalfund því frestað.
5. Samið við skólann um kaffi og veitingar á fundum nefndarinnar þar sem nefndin ákvað að halda alla fundi eftirleiðis í Giljaskóla.

Fleira ekki tekið fyrir.

Finnur Víkingsson
fundaritari.